



Vestfjarðastofa

VESTFJARÐASTOFA

FRÉTTABRÉF DESEMBERMÁNAÐAR



VESTFJARÐASTOFA
SUÐURGATA 12
400 ÍSAFJÖRÐUM



FV@VESTFIRDIR.IS



WWW.VESTFIRDIR.IS



450-6600

Áfram gakk - áramótaannáll 2023

Árið 2023 hefur verið á margan hátt gott á Vestfjörðum. Mikill uppgangur er í atvinnulífinu og fjárfestingar eru umtalsverðar á svæðinu bæði af hálfu hins opinbera og einkaaðila. Um áramót hefur undirrituð síðustu ár farið stuttlega yfir það sem efst hefur verið á baugi á árinu og horft lítillga fram á veginn. Svo verður einnig um þessi áramót.

1.Nýsköpun og hugvit var í sviðsljósinu á þessu ári í kjölfar ævintýralegrar velgengni hins ísfrska fyrirtækis Kerecis sem hefur á síðustu 15 árum byggst upp á Ísafirði, Reykjavík og ekki síst í Bandaríkjunum. Það var fallegur júlídagurinn á Ísafirði þegar salan á Kerecis til Coloplast var tilkynnt í Ísafjarðarbíói og nokkuð „moviestar“ yfirbragð á Ísafirði.

2.Orka & orkuskortur hafa verið til umræðu á landsvísu og víst er að svo verður áfram um nokkurt skeið. Orkumál Vestfjarða hafa verið til umræðu síðustu ár og leitt er að þrátt fyrir hillumetra af skýrslum hefur hið opinbera engin raunveruleg svör. Á Vestfjörðum þarf meiri orkuframleiðslu og jafnframt þarf að tvöfalda Vesturlínu. Taka þarf ákvarðanir um næstu skref strax til að svæðið geti tekið þátt í orkuskiptunum framundan og haldið áfram uppbyggingu atvinnulífs og samfélags.

3.Loftslagsmál, orkuskipti og umhverfismál hafa fengið meiri hlómgrunn og með þátttöku Vestfjarðastofu, sveitarfélaga og fyrirtækja í Evrópuverkefninu RECET munu þessi mál verða enn meira til umræðu næstu árin sem er vel. Samhliða aukinni orkuþörf er sjálfsagt að farið verið eins vel með þá orku sem til staðar er á svæðinu og unnt er og við séum meðvituð um áhrif okkar á umhverfið og reynum allt sem mögulegt er til að þau verði sem minnst.



4.Skortur á íbúðahúsnæði stendur þróun samfélags og atvinnulífs fyrir þrifum á svæðinu. Þrátt fyrir mikinn skort er verð á íbúðahúsnæði enn víða vel undir byggingarkostnaði. Það gæti líka átt skýringar í því hve húsnæði er víða orðið gamalt þar sem lítið hefur verið byggt á svæðinu síðustu 20-30 ár. Það sést vel að fjölgun verður í þeim byggðakjörnum og sveitarfélögum þar sem næst að byggja nýtt íbúðahúsnæði.

5.Nýjir vegir og brýr gleðja marga Vestfirðinga og aðra vegfarendur á svæðinu þessi misserin en í haust var ný brú yfir Þorskafjörð vígð með viðhöfn og nokkru síðar opnaði vegurinn margumræddi um Teigsskóg. Framkvæmdir eru í fullum gangi á nýjum 12 km kafla á Dynjandisheiði og hafa rúmlega 6 km af þeirri framkvæmd þegar verið opnaðir fyrir umferð. Þeir sem þurft hafa að hrossast á 70 ára gömlum malarvegum gleðjast sérstaklega yfir nýjum og fallegum veglínunum.

frh. á næstu síðu



6. Áföll í atvinnulífi hafa verið nokkur á árinu þó víða hafi gengið vel. Það var mikið áfall í Strandabyggð snemmsumars þegar tilkynnt var um lokun Hólmandrangs og einnig í Ísafjarðarbæ þegar Baader tilkynni um lokun á starfsstöð sinni sem áður var hið mikla nýsköpunarfyrirtæki 3X Technology sem áður hafði sameinast Skaganum í Skagann/3X. Kvótasamdráttur og slysasleppingar hafa líka haft neikvæð áhrif á atvinnulíf svæðisins.

7.Vöxtur og vaxtarverkir í fiskeldi hafa verið ofarlega á baugi á Vestfjörðum. Fiskeldið er ótvírætt drifkraftur vaxtar og uppgangs á Vestfjörðum undanfarin ár og atvinnugreinin er orðin ein af burðarásum atvinnulífs á svæðinu. Það er því eðlilegt að fólk taki mjög nærri sér áföll í greininni og þá miklu og að mestu neikvæðu umræðu sem hefur verið um fiskeldið á þessu ári. Mjög jákvæðir hlutir hafa líka verið að gerast í þessari mikilvægu atvinnugrein og má nefna skráningu Arnarlax á íslenskan hlutabréfamarkað, hið nýja vinnsluhús Arctic Fish í Bolungarvík og að Háafell uppskar fyrstu laxa úr Ísafjarðardjúpi síðasta haust.

8.Menntun á Vestfjörðum hefur fengið meira vægi á árinu og má nefna samstarfssaming fiskeldisfyrirtækjanna við Menntaskólann á Ísafirði sem undirritaður var í byrjun árs um þróun á nýrri námsbraut sem hlotið hefur nafnið Hafbraut og tekur til starfa haustið 2024. Í undirbúningi er bygging nýs verknámshúss við Menntaskólann á Ísafirði sem verður mikið framfaraskref fyrir allt svæðið þar sem ákall er um iðnaðarmenn á öllum sviðum. Nýir nemendagarðar Lýðskólans á Flateyri og Stúdentagarðar Háskólaseturs Vestfjarða voru opnaðir á árinu 2023 og verða vonandi báðir til að efla starfsemi þessara mikilvægu stöða menntunar á Vestfjörðum.

9.Ferðaþjónustan er á mikilli siglingu á Vestfjörðum þetta árið en greinilegt er í samtölum við ferðaskrifstofur og söluaðila að mikil þörf er á frekari uppbyggingu gististaða af öllum stærðum og gerðum. Mikill fjöldi farþega skemmtiferðaskipa hefur verið í umræðunni en á því sviði hefur einnig verið mikil þróun og verður vonandi áfram.

10.Menningin fékk nokkurn sess á Vestfjörðum á árinu og nefna má mikla grósku í starfsemi Kómedíuleikhússins og barnamenningarhátíðina Púkann sem haldin var í fyrsta sinn og tókst vel. Mikilvægt er að söfn og sýningar á svæðinu eflist og dafni og að opnunartími þeirra verði aukinn þar sem þau eru lykilþáttur í lengri ferðamannatíma á svæðinu. Hátíðir svæðisins gegna þar miklu hlutverki líka eins og sést á þeim fjölda sem sækir Aldrei fór ég suður, Fossavatnsgönguna og Skjaldborg svo nokkrar séu nefndar.

Í þessum pistli hef ég stiklað á stóru varðandi árið 2023. Við á Vestfjarðastofu erum spennt fyrir árinu 2024 sem verður mikið stefnumótunarár fyrir Vestfirði þar sem unnið verður að gerð Svæðisskipulags, ný Sóknaráætlun unnin sem og loftslags- og orkuskiptaáætlanir fyrir sveitarfélögin á svæðinu. Leitað verður til íbúa og fyrirtækja um samstarf við gerð þessara áætlana sem gera má ráð fyrir að muni varða leiðina næstu ár og jafnvel áratugi.

Undirrituð vill fyrir hönd stjórnar og starfsmanna Vestfjarðastofu óska Vestfirðingum og landsmönnum öllum gleðilegs árs með þökk fyrir árið sem er að ljúka.

HAFBRAUT MÍ TEKUR TIL STARFA NÆSTA HAUST

Undirbúningur nýrrar námsbrautar við Menntaskólann á Ísafirði sem hefur hlotið nafnið hafbraut stendur enn yfir. Ákall hefur verið eftir námi á framhaldsskólastigi sem veitir ungu fólki sem hyggur á störf í fiskeldi og haftengdum greinum viðeigandi þekkingu og þjálfun. Í janúar á þessu ári undirritaði Menntaskólinn á Ísafirði samstarfssamning við fiskeldisfyrirtækin Arctic Fish, Arnarlax og Háafell, auk Vestfjarðastofu, um nám sem kenndi grunnþætti slíkra starfa. Gengið var til samninga við Sigríði Gísladóttur, dýralækni, að taka að sér verkefnisstjórn við uppbyggingu brautarinnar í marsmánuði. Sigríður segir að þó ekki hafi gengið eins hratt að koma brautinni á laggirnar og vonast var til í upphafi gangi undirbúningur ágætlega og í mörg horn sé að líta við verk sem þetta.

Búið er að skoða hinar ýmsu útfærslur sem gætu hentað námsbraut sem þessari og hafbrautin tekið á sig skýrari mynd. Þar verður lögð áhersla á að nemendur hljóti undirbúning fyrir sérhæfð störf í fiskeldi og haftengdum greinum, jafnframt því sem þeir fái þjálfun í fjölbreyttum störfum í fiskeldisfyrirtækjum og sjávarútvegi. Náminu er ætlað að styðja við faglega umræðu og siðferðislega vitund nemenda með því að sýna fram á samhengi líffræði, tækni, efnahags og þolmarka náttúrunnar. Markmiðið er að nemendur öðlist virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu með því að læra bestu aðferðirnar við að vinna með lifandi dýr í atvinnugrein sem byggir á nýtingu náttúrulegra auðlinda.

Brautinni lýkur með framhaldsskólaprófi á 2. þrepi en er einnig ætlað að verða góður grunnur fyrir áframhaldandi nám á stúdentsbraut og hentar vel fyrir þá sem stefna að starfi eða frekara námi í fiskeldi eða tengdum atvinnugreinum. Brautin verður skipulögð og henni stýrt frá Menntaskólanum á Ísafirði en boðið verður upp á nám við hana í samstarfsskólum MÍ í Grundarfirði, Sauðárkróki, Neskaupstað og Vestmannaeyjum.

Enn er unnið að því að hnýta lausa enda og stefnt er að því að innrita fyrstu nemendurna á hafbraut MÍ haustið 2024.



BORAÐ EFTIR HEITU VATNI Á GÁLMASTRÖND

Orkubú Vestfjarða hefur hafist handa við að bora eftir heitu vatni á Gálmaströnd við Steingrímsfjörð. Lengi hefur verið talið að svæðið kunnist að vera auðugt af heitu vatni sem nýta mætti til eflingar atvinnuuppbyggingar á Ströndum. Fyrri tilraunir bentu allar til þess að heitt vatn væri að finna á svæðinu og er nú búið að afmarka frekar ákjósanlega staðsetningu borholunnar auk þess sem betri tækni til borunar er komin frá því síðast var reynt.

Á síðasta ári veitti Sigurður Ingi Jóhannesson, Innviðaráðherra, Fjórðungssambandi Vestfirðinga 17 m.kr. styrk til jarðhitarannsókna á Gálmaströnd vegna svokallaðrar C.1. aðgerðar. Í henni felast styrkir til sértækra verkefna á sóknaráætlunarsvæðum í samræmi við stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024.

Komið er á aðra viku síðan boranir hófust og er búið að bora niður á 400 metra dýpi. Á um 380 metra dýpi fannst 25 gráðu heitt vatn og lofar framhaldið góðu um að heitara vatn finnist þegar neðar dregur. Verklök eru áætluð um mánaðamótin janúar-febrúar. Sigurður Líndal Þórisson verkefnastjóri Sterkra Stranda er afar ánægður með þetta mikla framframaskref og segir að þátttaka svæðisins í brothættum byggðum hafi mikið að segja:

„Án Sterkra Stranda má fullyrða að ekkert hefði orðið af þessu verkefni, en þetta verkefni hefur alla burði til að verða eitt stærsta framfaraskref í innviðaupbyggingu á Ströndum í mörg ár.“



VESTFIRSKAR ÆVINTÝRAFERÐIR FÁ AFHENTA RAFMAGNSRÚTU



Vestfirskar ævintýraferðir á Ísafirði fengu í byrjun desember afhenta nýja og glæsilega rafmagnsrútu af gerðinni Mercedes-Bens frá Öskju. Gestum var boðið að skoða glæsikerruna í tilefni komu hennar á Ísafjörð. Rútan sem er 19 sæta mun sinna almenningssamgöngum á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur og er þetta fyrsta rafmagnsbifreiðin í almenningssamgöngum utan höfuðborgarsvæðisins að sögn Þorsteins Mássonar, framkvæmdastjóra Bláma.

Blámi hefur verið Vestfirskum ævintýraferðum innan handar við þetta skref fyrirtækisins í orkuskiptum í samgöngum og segir Þorsteinn frábært að á Vestfjörðum skuli vera stigið þetta stóra og metnaðarfulla skref við rafvæðingu almenningssamgangna. Bindur hann vonir við að fleiri fyrirtæki taki af skarið og rafmagnsvæði farartæki og annan búnað í ekki of fjarlægri framtíð.

Meginmarkmið Bláma er að styðja við og efla nýsköpun og þróun orkuskiptaverkefna með því að auka hlut vistvæns eldsneytis, vetnis og rafeldsneytis í samgöngum og iðnaði. Blámi vill ýta undir orku- og loftslagstengda nýsköpun, efla frumkvöðla og styrkja nýsköpunarumhverfið á Vestfjörðum. Hafi fyrirtæki á Vestfjörðum hug á verkefnum í orkuskiptum bendir Þorsteinn á að Blámi sé boðinn og búinn að veita ráðgjöf og þjónustu.



Tækifæri og áskoranir fólgin í gervigreind í byggðapróun

Blábankinn á Þingeyri stóð fyrir hraðlinum Gervigreind í byggðapróun dagana 28. nóvember – 1. desember. Alþjóðlegt lið leiðbeinenda leiddi umræður um notkun þessarar nýju tækni sem ljóst er að mun umbylta verklagi við upplýsingaöflun og gagnagerð áður en langt um líður.

Segja má að framtíðin sé þegar hér og nú í okkar höndum að færa okkur í nyt með sem bestum hætti það sem hún hefur upp á að bjóða. Á þeim nótum var við hæfi að hefja vinnustofuna á spurningunni um siðferði í notkun gervigreindar. Það var Ketill Berg Magnússon heimspekingur sem leiddi þá vinnu og sköpuðust áhugaverðar umræður meðal þátttakenda um hvernig treysta mætti á áhrifaríkan máta siðferðislegan grunn ábyrgrar notkunar á tækninni. Í þeirri umræðu var meðal annars komið inn á hvað fer inn í gervigreindina, hver sé eigandi þess, hver sé þar við stjórn og svo á hinum endanum hvað komi út úr gervigreindinni og hvort hún sé fær um að koma með lokaniðurstöður án þess að manneskjur eigi þar með beinum hætti hlut að máli.

Næstur á dagskrá var Grammenos Mastrojeni sem talaði við hópinn frá Abu Dhabi. Grammenos er sérfræðingur á sviði sjálfbærrar þróunar og hefur gefið út bækur og fræðigreinar um umhverfisvernd, samheldni fólks og öryggismál. Sérstaklega hefur hann beint sjónum sínum að samspili umhverfislegrar rýrnunar við samfélagslega, landfræðilega og efnahagslega þætti. Matthias Kokorsch, fagstjóri í Sjávarbyggðafraeði við Háskólasetur Vestfjarða, gerði doktorsrannsókn sína um kortlagningu seiglu á strandsvæðum Íslands og var hann því vel til þess fallinn að fara yfir hvernig gervigreind mætti nýta í byggðapróun um landið. Benti hann til að mynda á hvernig gervigreindin gæti verið hjálpartól fyrir þá sem vinna að nýsköpun og hversu mikið hún gæti auðveldað aðgengi að upplýsingum sem til þessa hefur kannski verið flóknara að kjarna.



Síðasta daginn var umræðan í höndum Andrew Melchior sem mikið hefur fengist við nýsköpun í stafrænu formi. Má til afreka hans á því sviði nefna samstarf hans við hljómsveitina Massive Attack, en á 20 ára útgáfuafmæli tímamótaverks þeirra Mezzanine, var platan kóðuð yfir í erfðamengisgervi sem síðan var sett á spreibrúsa og til dæmis nýtt í listsköpun. Í anda hugvits hans og þekkingar var farið í stórar sviðsmyndir þess sem hagnýting gervigreindar gæti fært okkur heim í byggðapróun á Vestfjörðum. Andrew er þó líka mikið í hug eignarhald gagna og þar sem gervigreindin er tiltölulega ungt tæki í höndum notenda þurfi þeir að tryggja með sem bestum hætti eignarhald yfir eigin gögnum. Nýlenduvæðing gagna er hugtak sem flestum er nokkuð framandi en verður að hafa ofarlega í huga með aukinni notkun gervigreindarinnar sem tækis í almannaðjónustu.

[Á Facebook síðu Blábankans má lesa](#) um helstu niðurstöður hraðalsins.

Uppbyggingarsjóður Vestfjarða

Úthlutanir
2024

Yfirlit yfir styrkveitingar úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða vegna ársins 2024. Alls bárust 78 umsóknir. Af þeim hlutu 57 umsóknir styrkvilyrði, alls að upphæð 44.850.000 kr. Auk þess eru 6 verkefni sem þegar hafa hlotið styrkvilyrði að upphæð 11.850.000 kr. svo heildarstyrkveitingar ársins 2024 verða 63 talsins og heildarupphæðin 56.700.000 kr. Hér kemur einungis fram nafn verkefnis, en hægt er að lesa nánar um þau inn á vestfiridir.is

Stofn- og rekstrarstyrkir

Skrímflasetrið: 2.750.000
Edinborgarhúsið: 2.500.000
Strandagaldur: 2.000.000
Kómedíuleikhúsið: 1.800.000
Sauðfjársetur á Ströndum: 1.500.000
Báta- og hlunnindasýningin: 1.500.000
Hversdagssafnið//Hvers museum: 1.200.000
ArtsIceland og gallerí Úthverfa: 1.000.000

Atvinnu- og nýsköpunarstyrkir

Villt að vestan: 2.000.000
Klátur á Eyrartjall: 2.000.000
Strandfóður: 1.800.000
Náttúrubarnaskóli og Náttúrubarnahátíð: 1.800.000
Ísafjarðardjúp í nútíð og þátíð: 1.200.000
Upplifunarsýning á Ísafirði: 1.100.000
Incubation and fruiting room for mushrooms and research: 1.000.000
Vetrarviðburðaparadís á Ströndum: 900.000
Startup Westfjords 24: 800.000
Markaðssókn Galdurs: 700.000
Rafmagnshjólaferðir um Vestfirði: 700.000
Færum sauðfjarrækt til framtíðar: 500.000
Vestfjarðabók: 500.000
Ræktun burnirótar: 500.000
Góða Ferð: Ridesharing App: 500.000
Nordic Nomad Souvenirs: 500.000
Vörumessa MÍ: 200.000



Uppbyggingarsjóður Vestfjarða

Menningarstyrkir

Edinborgarhúsið: 1.800.000
Skjaldborg - hátíð Íslenskra heimildamynda: 1.600.000
Act alone 2024 afmælishátíð: 1.500.000
Tungumálatölrar: 1.300.000
Tónlistarhátíðin Við Djúpið: 1.200.000
Fjarréttir fyrr og nú: Sýning og miðlun: 1.100.000
The Pigeon International Film Festival: 1.000.000
Áttir: 1.000.000
Blús milli fjalls og fjöru: 900.000
Skjaldbakan 2024: 900.000
Ariasman: 850.000
Ráðstefnustaðurinn Strandir: 850.000
The Factory Art Exhibition: 850.000
International Westfjords Piano Festival: 800.000
Málþing um Baska og vinnustofa í gerð hljóðfæra úr rusli: 750.000
Sæskrímslin: 750.000
Gauda og Errata: 700.000
Listahátíð Samúels: 650.000
Netagerðin - skapandi vinnustofur: 600.000
Leikrit í fullri lengd á Hólmavík: 500.000
Leiklistarnámskeið fyrir börn með Halldóru: 500.000
List í Alviðru 2024 - Listrænar hugdettur: 500.000
Viðburðir norðan Djúps: 500.000
Sjálfbær Hólmavík: 500.000
Skapandi skrifur-Myndlist fyrir börn: 500.000
Sögutorg: Minning um Ragnheiði og Benedikt á Kirkjubóli: 450.000
4. F. Chopin tónlistarhátíðin: 400.000
Úthverfa sýningar 2024: 400.000
Sumarhátíð Lýðskólans á Flateyri: 400.000
Skjalistsýning: 350.000
Gefum íslensku séns: 300.000
Artsiceland viðburðir: 250.000
Leiklist á Ísafirði: 200.000
Arnór heimskautarefur: 200.000
Útsýnisveggur á Bökkunum: 200.000
Vegglistaverk í miðbæ Ísafjarðar: 200.000
Marketing of the creative writing studio „Write It Out“: 150.000
Sjávarréttarsmakk á Bryggjuhátíð: 150.000

Úthlutanir
vegna verkefna
2024



HAFSJÓR AF HUGMYNDUM

styrkir á vegum sjávarútvegsklasa Vestfjarða




STYRKJUM ÚTHLUTAÐ ÚR HAFSJÓ AF HUGMYNDUM

Hafsjór af hugmyndum úthlutaði um miðjan desember styrkjum til háskólanema vegna lokaverkefnagerðar. Þetta er í fjórða sinn sem styrkur er veittur og bærust margar spennandi umsóknir. Fjögur verkefni hlutu styrk að þessu sinni og koma nemarnir frá Háskólasetri Vestfjarða og Háskóla Íslands.

Verkefnin spanna vítt svið. Orla Mallon, nemi við Háskólasetun Vestfjarða, fékk 700.000 króna styrk til að setja upp lítið fiskeldi og gróðurhús þar sem nemi og almenningur getur fylgst með og lært hvernig lífskeðjan virkar. Alexis Jane Bradley við sama skóla hlaut einnig 700.000 kr. styrk vegna rannsóknar á dreifingu og hugsanlegri nýtingu grjótkrabba sem er tegund sem er að færa sig upp á skaftið í kringum landið. Fia Finn fékk 600.000 vegna rannsóknar á búsvæðum þorskseiða og verndunar þeirra. Svavar Konráðsson við Háskóla Íslands hlaut 500.000 kr. vegna þróunar á nýjum sætum sem miða að því að taka högg af sjófarendum á smærri bátum eins og strandveiðibátum.

Að baki Hafsjós af hugmyndum stendur Sjávarútvegsklassi Vestfjarða sem að auki styrknum leggur nemunum til aðstöðu, hráefni og þekkingu hjá fyrirtækjunum. Beinu fjármagni er svo ætlað að framkvæma ítarlegri rannsóknir sem stuðla að nýsköpun og eflingu sjávarútvegs á Vestfjörðum.

Við óskum þeim sem hlutu styrk til hamingju og erum spennt að sjá niðurstöður rannsókna á næsta ári.



NÝR VEGUR UM TEIGSSKÓG OPNAÐUR

1. desember er hátíðisdagur í hugum margra og dagurinn að þessu sinni sannkallaður hátíðisdagur á Vestfjörðum er þá opnaði nýr vegkaflur um Teigsskóg, sem er hluti af endurnýjun Vestfjarðavegar um Gufudalssveit. Vegurinn leysir af hólmi hinn óblíða Hjallaháls og liggur fyrir Hallsteinsnes og þykir leiðin hin fegursta. Borgarverk sá um verkið og undirritaði það á dögnum samning við Vegagerðina um áframhaldandi vegagerð á svæðinu. Næstu kaflar eru jarðvegsfyllingar í Gufufirði og Djúpafirði sem verða síðan brúaðir og standa vonir Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra til þess að því verki verði lokið í síðasta lagi 2027 en jafnvel fyrr.



MERSE - HVERNIG MÁ STYÐJA SAMFÉLAGS-FRUMKVÖÐLA?

Vestfjarðastofa er þátttakandi í verkefninu MERSE, Business Models Empowering Rural Social Entrepreneurship voicing the rural norm. Markmiðið MERSE er að þróa viðskiptamódel, stuðningskerfi og aðstæður fyrir samfélags-frumkvöðla sem annað hvort vilja stofna eða þróa samfélagsdrifin verkefni í dreifðum byggðum.

Verkefnið hlaut á vormánuðum styrk úr Norðurslóðaáætluninni (Northern Periphery and Arctic Programme) og auk Vestfjarðastofu vinna að því; Mid Sweden University (SE) sem leiðir verkefnið, Companion Co-operative Development (SE), KBT Vocational School (NO), The Gaeltacht Authority (IE) og University of Helsinki (FI). Í samstarfinu verður farið í að greina með hvaða hætti stuðningi við samfélagslega nýsköpun verði best háttað með því að kalla að borðinu samfélags-frumkvöðla, fyrirtæki, sveitarfélög, ráðgjafa og fræðafólk í löndunum fimm. Unnið er út frá því að þessi vinna muni skila sér í hentugu stuðningsmódeli fyrir þessa tegund nýsköpunar og reksturs. Þá er því einnig ætlað að skapa betri tækifæri fyrir þau sem vilja þróa sjálfbæra frumkvöðla- og samfélagsstarfsemi sem stuðlað getur að bættum búsetuskilyrðum á öllu starfssvæði áætlunarinnar.

Innan samfélaga er iðulega að finna verkefni sem hið opinbera og einkageirinn ná ekki yfir. Verkefni sem eru á hendi frumkvöðla sem vilja gera gagn og styðja við þróun á sínu svæði. Eitt af markmiðum MERSE er að komast að því hvað er sameiginlegt með slíkum verkefnum í þátttökulöndunum og hvað kann að vera frábrugðið.

Ef skapa á sterkt og heilbrigt samfélag, kallar það á skýra framtíðarsýn og samfélagslega skuldbindingu. Framtíðarsýnin þarf að fela í sér markmið og til þess að ná þeim þurfa öflugir einstaklingar að láta til sín taka og vera í fararbroddi innan sinna samfélaga. Þá er nauðsynlegt að átta sig á hvernig, hvort og hvaðan þeir fá hvatningu til að takast á við verkefnið. Með þekkingu á því er hægt að útvega réttan stuðning og er það einmitt það sem MERSE er ætlað að greina.

Þórkatla Soffía Ólafsdóttir leiðir MERSE hjá Vestfjarðastofu. Á nýju ári verður farið í frekari kynningu á verkefninu og kallað eftir samstarfsaðilum á sviði samfélagslegrar nýsköpunar.



ÞRÍR STYRKIR TIL VESTFIRSKRA VERSLANA

Sigurður Ingi Jóhannsson, innviðaráðherra, hefur staðfest tillögur valnefndar um verkefnastyrki sem veittir eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036. Að þessu sinni var úthlutað fimmtán milljónum kr. til verslunar í dreifbýli fyrir árið 2024. Markmiðið er að styðja við rekstur dagvöruverslana í minni byggðarlögum fjarri stórum byggðakjörnum á fámennum markaðssvæðum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu.

Þrjú styrkir komu til verslana á Vestfjörðum. Hæsta styrkinn fékk Verzlunarfélag Árneshrepps, 3 milljónir kr., Verslunarfélag Drangsness fékk 2 milljónir kr. og eru þeir styrkir veittir til reksturs á árinu 2024, en verslun á Reykhólum hlaut 1,5 styrk vegna undirbúnings verslunar. Aðrir styrkþegar eru: Kríuveitingar, verslun í Grímsey, Verslunar og pöntunarþjónusta á Bakkafirði, Búðin, Borgarfirði eystri og Hríseyjarbúðin.

Þriggja manna valnefnd fór yfir umsóknirnar og gerði tillögur til ráðherra. Í valnefnd sátu þau Elín Gróa Karlsdóttir, verkefnisstjóri hjá Ferðamálastofu, Sigurður Árnason, sérfræðingur á Byggðastofnun, sem jafnframt er formaður og Snorri Björn Sigurðsson fyrrverandi forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar. Með valnefnd starfaði Sigríður K. Þorgrímsdóttir sérfræðingur hjá Byggðastofnun. Skipun valnefndar og mat umsókna voru í samræmi við reglur um úthlutun innviðaráðherra á framlögum sem veitt eru á grundvelli stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036.



Mynd: Facebooksíða verslunarfélags Drangsness



Mynd: reykholar.is

VERULEGAR TEKJUR AF KOMUM SKEMMTIFERÐASKIPA

Í mánuðinum sögðum við frá kynningarfundum Ferðamálastofu um heimsóknir erlendra skemmtiferðaskipa, þar sem sérstaklega var lagt upp með að setja fram tölulegar upplýsingar um helstu hagsmuni hérlendis vegna þeirra. Afar mikilvægt er að halda utan um talnagögn og framkvæma kannanir til að byggja undir upplýsta umræðu um þessa tegund ferðamennsku sem sannarlega hefur verið að sækja í sig veðrið á Íslandi undanfarin ár.

Fjögur erindi voru á dagskrá fundarins. Þórný Barðadóttir, hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála var með erindi um útgjöld farþega skemmtiferðaskipa sem byggði á niðurstöðum könnunar sem framkvæmd var í Reykjavík síðastliðið sumar. Jóhann Viðar Ívarsson hjá Ferðamálastofu fjallaði um tekjur Íslendinga af þjónustu við skemmtiferðaskip. Í erindi hans kom fram að talið er að heildartekjur stærstu innlendu þjónustuaðilanna í ár hafi numið í kringum 52 milljörðum króna vegna móttöku og þjónustu við skemmtiferðaskipin. Þá eru frá talin opinber gjöld og þjónusta og sala minni fyrirtækja.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sagði frá niðurstöðum könnunar Rannsóknamiðstöðvar Ferðamála sem tekur á viðhorfum íbúa landsins til ferðaðjónustu. Sú könnun hefur lengi verið við lýði en í ár var í fyrsta sinn spurt út í afstöðu íbúa til komu skemmtiferðaskipa. Könnunin var framkvæmd á Ísafirði, Akureyri og í Reykjavík og samkvæmt henni telja um 70% Ísfirðinga hafnaryfirvöld ráða vel við að taka á móti skemmtiferðaskipum en aðeins 49% töldu heimabyggð sína ráða vel við að þjónusta farþega skipanna. Ísfirðingar skáru sig úr þegar spurt var hvort skipin væru efnahagslega mikilvæg fyrir heimabyggð en 83% töldu svo vera í móti 46% Reykvíkinga. Hæst var líka hlutfall Ísfirðinga sem töldu að íbúar yrðu fyrir ónæði af komum skemmtiferðaskipa en 49% töldu svo vera á móti 25% Reykvíkinga og 34% Akureyringa. Á Ísafirði höfðu hlutfallslega fæstir áhyggjur af mengun skipanna eða 58%. Í könnuninni var spurt hvort svarendur vildu fá fleiri skemmtiferðaskip, það vildu aðeins 8% Akureyringa, 9% Ísfirðinga og 13% Reykvíkinga.

Lokaerindið var í höndum Þorsteins Aðalsteinssonar hjá Hagstofu Íslands og bar það heitið: Bleiki fillinn í stofunni: Mengun af skemmtiferðaskipum í íslenskri landhelgi. Þar fjallaði hann um þá þætti sem vel eru gerðir af skipunum og þá sem betur mætti fara á sviði umhverfismála og benti meðal annars á að hafnir gæti tekið upp umhverfiseftirlitskerfi sem krafist gætu gagna frá skipum sem auðvelduðu gagnaskráningu og eftirlit.

Hægt er að hlusta á öll erindin og nálgast gögn frá fundinum [á vef Ferðamálastofu](#).



Ferðaðþjónustuvikan í Janúar

Á undanförunum árum hafa ýmsir viðburðir verið haldnir í janúar á höfuðborgarsvæðinu í tengslum við ferðaðþjónustu og þar hafa Mannamót Markaðsstofa landshlutanna verið stór. Þangað kemur fólk í ferðaðþjónustu af allri landsbyggðinni til að efla tengslin við kollega sína á höfuðborgarsvæðinu. Til að fækka ferðum þeirra til Reykjavíkur var ákveðið að bjóða upp á þriggja daga dagskrá sem endar með Mannamótum.

Ferðaðþjónustuvikan er því er upplagt tækifæri að auka virði ferðarinnar á höfuðborgarsvæðið enn frekar. Inn á milli viðburða skapast einnig tækifæri til að hitta nýja eða núverandi samstarfsaðila með heimsóknnum til þeirra.



Að viðburðunum standa Markaðsstofur landshlutanna, Íslandsstofa, Ferðamálastofa, Samtök ferðaðþjónustunnar og Íslenski Ferðaklasinn.

Nánari upplýsingar um staka viðburði má sjá á

www.ferdathjonustuvikan.is

Svæðisskipulag Vestfjarða. Óskað eftir tilboðum í þjónustu skipulagsráðgjafa

Ríkiskaup, fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga kt. 700573-0799 óska eftir tilboðum í þjónustu skipulagsráðgjafa við undirbúning og gerð svæðisskipulags Vestfjarða. Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagræni og félagslegri heild sem styrkir byggðaðróun á Vestfjörðum til framtíðar.

Allar nánari upplýsingar er að finna í rafrænu útboðskerfi Ríkiskaupa. Leiðbeiningar varðandi útboðskerfið má nálgast á heimasíðunni, www.rikiskaup.is.

Skilafrestur er til 15.01.2024 kl. 12 og verða tilboð opnuð kl. 15 sama dag.





Vestfjarðastofa

STJÓRN OG STARFSFÓLK
VESTFJARÐASTOFU SENDIR
SÍNAR BESTU ÓSKIR UM



Gleðileg
jól

